

RITSTJÓRNARGREIN

Þú ert á leið til hægri ef þú hefur hálsbindi

Á miðvikudaginn birti Morgunblaðið grein í opnu undir fyrirsögninni „Ungt fólk snýr til hægri í stjórnmálum“. Greinin fjallar um ungt fólk í Vestur-Þýskalandi, og er eftir Bandaríkjamann, fréttaritari New York Times í Vestur-Þýskalandi. Rauði þráður greinarinnar er sá, að ungt fólk þar í landi hafi ekki lengur trú á mótmælaaðgerðum, né flokki Græningja, né baráttu gegn kjarnorkuvopnum og friðarhreyfingar séu í upplausn.

Einnig kemur fram, að ungt fólk hafi ekki lengur áhuga á stjórnmálum. Fyrirmynd ungu kynslóðarinnar sé Boris Becker, tennisleikarinn snjalli. Hann láti ekki til sín taka á pólitíska sviðinu, hann tali ekki um mengun, hann leiki tennis og sigurganga hans sé óstöðvandi. Velgengi hans sé dæmi um „ameríska drauminn“. — Í greininni er sagt frá skoðanakönnun, sem gerð var í desember s.l. meðal fólks á aldrinum 16 til 20 ára. Þar kom í ljós, að 25% höfðu „samúð“ með Græningjum, eins og það er orðað í Morgunblaðinu, 28% studdu stjórnarflokkinn, Kristilega demókrata, 5% Frjálsa demókrata og 38% Jafnaðarmannaflokkinn.

Ef draga á ályktun af þessari skoðanakönnun og greininni í heild, er það með ólíkindum hvernig Morgunblaðið getur snúið þessum niðurstöðum upp í það, að ungt fólk í Vestur-Þýskalandi leiti til hægri í stjórnmálum. Hvernig skoðanalesi í stjórnmálum gafngildir því að snúa til hægri hlýtur að vera ofvaxið flestra manna skilningi. En fleiri ástæður eru raktar. Stúlkurnar klæðast frekar pilsu en buxum. Þær leggja meiri áherslu á að vera kvenlegar. Strákarnir eru snyrtilegri en áður. Þeir ganga í

jökkum og eru gjarnan með bindi. Og unga fólkid sækir frekar glæsilegar vinstúkur en fátækleg kaffihús. — Lenin gekk í jakkaötum og var með bindi. Byltingarkonurnar Rússnesku voru í pilsu. Engum dettur í hug, að rússneska byltingin hafi verið einhver hægri sveifla.

Hvaða blaði nema Morgunblaðinu dytti í hug að setja slíka fyrirsögn á grein af þessu tagi. Þótt Græningjum hafi að hluta mistekist ætluarverk sitt og þótt örvænting unga fólksins í Vestur-Þýskalandi vegna atvinnuleysis og styrjaldarótta, hafi hjaðnað eða tekið á sig aðra mynd, þá hefur það ekki snúið til hægri í stjórnmálum. Slík fullyrðing er hrein og klár sögu-fölsun, eins og kemur raunar skýrt fram í þeirri skoðanakönnun, sem fylgir fyrrnefndri grein í Morgunblaðinu.

Í Evrópu ganga nú um 20 milljónir manna atvinnulausar. Hægri öflin hafa á síðustu áratugum stuðlað mjög að fjölgun atvinnulausra með stefnu sinni í efnahagsmálum. Markaðshyggjan hefur stuðlað að síaukinni, efnalegri stéttaskiptingu, og Vestur-Þýskaland hefur ekki farið varhluta af þessari þróun. 11% af öllu vinnufæru fólki í Vestur-Evrópu er atvinnulaust, og langstærstur hluti þeirra er ungt fólk, eða um 20%. Heilar kynslóðir eru að vaxa úr grasi, sem aldrei hafa haft fasta atvinnu. Þetta ástand hefur haft í för með sér gifurleg félagsleg vandamál, örvæntingu, vonleysi, aukna eit-urlyfjaneyslu og glæpi. Í auknum mæli hafa hægri öfgamenn notfært sér ástandið til að efna til kynþáttaofsókna, og í Vestur-Þýskalandi hafa jafnvel draugar nasismans verið vak-tir upp.

Þetta ástand hefur kyrfilega staðfest að nýfrjálshyggjan hefur brugðist. Hin nýju hægri öfl hétu auknum hagvexti, lækkandi verðbólgu og fullri atvinnu, aðeins ef markaðshyggjan fengi ráðið ferðinni. Þessu takmarki hefur ekki verið náð. Að vísu hefur verðbólgan verið keyrð niður í nokkrum löndum með harkalegum aðgerðum á skömmum tíma, en með alvarlegum afleiðingum atvinnuleysis og efnahagslegri stöðnun.

En nú hefur Morgunblaðið það eftir bandarískum fréttamanni í Vestur-Þýskalandi, að æska landsins sé að snúa sér til hægri í stjórnmálum. Tennisnillingurinn Boris Becker er nefndur þessu máli til sönnunar, þótt hann hafi lýst sig áhugalausum um stjórnmál. Hvert halda lesendur, að þessum lævísu áróðri sé beint. Tilvitnanir í ungt fólk úr ýmsum stéttum þjónar sama tilgangi. Það lýsir ekki stuðningi við hægri flokkana, heldur aðeins því, að það vilji spjara sig, ná árangri. En það heitir á Mogga—máli, að snúa sér yfir til hægri. — Þó styðja tæplega 40% unga fólksins vestur-þýska jafnaðarmannaflokkinn.

Hér er á ferðinni subbulegur áróður, sem þjónar þeim tilgangi, að telja ungu fólki á Íslandi trú um að jafnaldrar þess í Evrópu séu að snúa sér til hægri flokkanna til að leysa vandamálin, sem þeir hafa sjálfir skapað. Og til vitnis eru leiddir heimskunnir íþróttamenn, sem hafa lýst yfir því, að þeir vilji ekki blanda sér í stjórnmál. — Nýfrjálshyggjan á Íslandi býður einnig upp á afleiðingar markaðshyggjunnar, en gegn henni ber hverjum hugsandi manni að snúast. Ekki síst ungu fólki.

Hefðbundin kínversk myndlist á Kjarvalsstöðum

Sýning á hefðbundinni kínverski myndlist verður opnuð á Kjarvalsstöðum laugardaginn 15. febrúar kl. 14.00. Sýningin er haldin á vegum Menntamálaráðuneytisins og Sendiráðs kínverska alþýðulýðveldisins og fletja menntamálaráðherra Sverrir Hermannsson og sendifulltrúi Kína Li Quinping stutt ávarp við opnunina. Á sýningunni eru um 80 myndir eftir 11 núlifandi listamenn.

Sýningin kemur hingað frá Shaanxi-fylki og eru flestir listamennirnir, sem sumir hverjir eru í hópi þekktustu listamanna Kínverja í dag, tengdir Myndlistarstofnun Shaanxi í Xian, höfuðborg

fylkisins og hinni fornu höfuðborg Kínveldis. Myndirnar, sem lýsa fólki og landslagi, blómum og fuglum eru í hefðbundnum stíl og þar beitt ævaforri tækni. Menn hafa ástæðu til að ætla, að malaralístin sé jafngömul kínverski menningu, og þegar fyrir um 6000 árum voru menn þar í landi farnir að skreyta keröld og önnur búsaðöld manna- og dýramyndum. Nýlega hafa og fundist dæmi um myndir málaðar á silki á 5.—3. öld f. Krist.

Á þriðju til sjöttu öld eftir Krist þróaðist malaralístin mikið. Manna-myndir, sem eru elsta form hinnar fornu kínversku myndlistar, tóku nú skýrum breytingum og fengu

skarpari og tjáningarfyllri svip, en jafnframt fór að bera á landslagsmyndum.

Á sama tíma fóru menn að þróa með sér listgagnrýni. Litlu síðar komust svo blóma- og fuglamyndir í tisku.

Þessi hefð hefur verið óslitin síðan og hafa Kínverjar átt marga meistarar á þessu sviði. Flestir hafa málað á silki eða Xuan-pappír, en önnur grein þessarar listar voru vegmyndir, einkum í höllum og hofum og sóttu efni í rit Taoista og Buddatrúarmanna.

Nákvæm eftirlíking náttúrunnar og fyrirbrigða hennar var aldrei lokatakmark þessara listamanna. Það er andi og kraftur þess sem lýst er, sem skiptir máli, innri einkenni hlutanna ekki síður en auðlegð þess sem augað sér. Listamennirnir notuðu oft sömu tæki og skrautritarnir og því var þeim tamt að nota vatn og blek og teikningin byggist, líkt og í skriftinni upp á línur og punktum fremur en andstæðum lita og ljóss.

Hér er um háþróaða listgrein að ræða og margvíslegri tækni þurfa malararnir að ná valdi á, áður en þeir geta komið „mynd á skáldskapinn og skáldskap í myndina“, eins og skáldið og malarinn Su Dongpo á Song-tímabilinu komst að orði. Oft renna líka skáldskapur, myndlist og skrautritun saman í einu og sama verki.

Síðan Kínverska alþýðulýðveldið var stofnað, hefur verið lögð mikil rækt við þessa gömlu listgrein, bæði að halda henni við og leita nýrra leiða. Í myndlistarstofnuninni í Kína er hún kennd eigi síður en nýrri aðferðir til myndsköpunar og hefur á síðustu árum náð nýju blómaskeiði, og er sú sýning sem hingað er komin til marks um það.

Sýningin er á ferð um Norðurlönd og var síðast í Ráðhusinu í Kaupmannahöfn. Hún verður eins og áður segir opnuð laugardaginn

15. febrúar og stendur til sunnudagskvöldis 23. febrúar. Steinþór Sigurðsson myndlistarmaður hefur séð um uppsetningu hennar hér.

Útvarpið 1

kvæmdastjóri Ísfilms, sagði í samtali við Alþýðublaðið í gær að ekki þyrfti að taka mjög langan tíma að undirbúa útvarpsendingar, eftir að tekin hefði verið endanleg ákvörðun um það. Enginn afgreiðslufrestur væri á útvarpsendingum, sagði Hjörleifur og bætti því við að sennilega myndi taka einna lengstan tíma að ganga frá húsnæði þannig að viðunandi aðstaða fengist til sendinga. Útvarpsendingar ættu því að geta hafist innan þriggja mánaða frá því ákvörðun væri tekin um þær.

Hjörleifur kvad hins vegar taka mun lengri tíma að hefja sjónvarpsendingar. Sjónvarpsendar væru ekki framléiddar á lager og þyrfti því að bíða í fimm mánuði eftir slíkum sendi. Þótt ákvörðun um sjónvarpsendingar væri tekin nú, væri þannig ekki hægt að reikna með sjónvarpsendingum frá Ísfilmi fyrir en eftir hálf ár í fyrsta lagi.

Þess má að lokum geta að fundur hefur verið boðaður í útvarpsráttarnefnd í dag og má vænta þess að nefndin muni nú byrja á að auglýsa eftir umsóknum um útvarpsleyfi í samræmi við hinar nýundirrituðu reglugerðir.

ASÍ 1

ekki yfir 9% á árinu 1986. Það myndi aftur hafa í för með sér að verðbólguhraðinn yrði kominn niður fyrir 5% í árslok.

Verkalýðshreyfingin hefur þó sem kunnugt er ekki í hyggju að sætta sig við að halda einungis óbreyttum kaupmætti frá fyrra ári, en hyggst til viðbótar þessu ná fram

kaupmáttaraukningu. Í því sambandi var á sínum tíma talað um 8 prósent og gefur auga leið að til þess að sá árangur næðist þyrftu laun að hækka um samtals nálægt 22% á árinu.

Þessu til viðbótar eru svo kröfur verkalýðshreyfingarinnar um að sá kaupmáttur sem næst fram í samningum verði tryggður. En svo sem eðlilegt verður að teljast, eru margir vantrúadír á að unnt sé að koma verðbólgu svo langt niður sem nú er fyrirhugað, jafnvel þótt allir leggist á eitt. Af þeim sökum er ekki nema eðlilegt að verkalýðshreyfingin legði höfuðáherslu á einhvers konar verðtryggingu eða uppsagnarmöguleika, ef verðbólgan fer fram úr áætlun.

Samningafundum milli ASÍ og VSI var haldið áfram seint í gær.

„Ofsóknin“ í Norræna húsinu

Starfsemi kvikmyndaklúbbsins Norðurljósa hefst að nýju sunnudaginn 16. febrúar kl. 14:30 í Norræna húsinu.

Sýnd verður norsk-sænska kvikmyndin „Ofsóknin“ (Forfølgelsen), sem var á dagskrá Kvikmyndahátíðar kvenna síðastliðið haust. Leikstjóri myndarinnar er Anja Breien, en í aðalhlutverkum eru Lis Terselius, Björn Skagestad og Anita Björk.

Myndin, sem gerð var 1981, greinir frá galdramóðursýki í litlu sveitarsamfélagi í Noregi á 17. öld. Inn í þetta samfélag kemur Eli, ókunnug, framandleg kona, sem sest að á eyðibýli í sveitinni. Hún þekkir jurtir, litar garn og græðir sár og fær á sig galdræð.

Lausar stöður

Lausar eru til umsóknar tvær stöður við Íslenska málstöð, sbr. 4. gr. laga nr. 80/1984.

Staða sérfræðings í íslenskri málfræði. Verkefni einkum á sviði hagnýtrar málfræði, málarsleg ráðgjöf og fræðsla og ritstjórnarstörf.

Til sérfræðings verða gerðar sams konar kröfur um menntun og til lektors í íslenskri málfræði. Staða fulltrúa, sem hafi m.a. umsókn með skrifstofu, reikningshaldi og skjalavörslu, auk aðstoðar við fræðileg störf og útgáfu.

Fulltrúi hafi lokið háskólaprófi í íslensku (málfræði), eigi lægra en BA—prófi og æskilegt er að hann hafi nokkra reynslu af málræktarstörfum. Laun samkvæmt launakerfi starfsmanna ríkisins. Umsóknir ásamt rækilegri skýrslu um vísindastörf, rannsóknir og ritsmíðar, svo og námsferil og störf skulu sendar menntamálaráðuneytinu fyrir 20. mars 1986.

Menntamálaráðuneytið
11. febrúar 1986.